



Meginniðurstöður ársreiknings 2002

Efnahagsreikningur 31. desember 2002:

	2002	2001
Í milljónum króna		
Hlutabréf og verðbréfasjóðir	6.361	6.523
Markaðsverðbréf	3.390	2.995
Veðlán	699	612
Önnur útlán	827	1.688
Kröfur	57	85
Aðrar eignir	75	66
	11.409	11.969
Skuldir	-21	-9
Hrein eign til greiðslu lífeyris	11.388	11.960

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris 2002:

	2002	2001
Í milljónum króna		
Iðgjöld	369	358
Lífeyrir	-559	-515
Fjárfestingartekjur	-338	-338
Fjárfestingargjöld	-20	-8
Rekstrarkostnaður	-24	-25
Matsbreytingar	0	970
Hækkun á hreinni eign á árinu	-572	442
Hrein eign frá fyrra ári	11.960	11.518
Hrein eign til greiðslu lífeyris	11.388	11.960

Lífeyrisskuldbindingar skv. niðurstöðu tryggingafræðings:

	2002	2001
Hlutfall eigna af heildarskuldbindingum	87,1%	95,1%
Hlutfall eigna af áföllnum skuldbindingum	91,9%	102,1%

Kennitölur:

	2002	2001
Nafnávöxtun	-3,22%	5,23%
Hrein raunávöxtun	-5,12%	-3,11%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sl. 5 ár	1,52%	4,44%
Eignir í íslenskum krónum	82,14%	78,14%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	17,86%	21,86%
Fjöldi virkra sjóðfélaga	4.283	4.492
Fjöldi lífeyrisþega	3.641	3.624
Kostnaður í hlutfalli af eignum	0,20%	0,21%

Ávöxtun – Fjárfestingarstefna

Ávöxtun sjóðsins á árinu var -3,22% sem jafngildir -5,12% hreinni raunávöxtun. Hrein raunávöxtun árið 2001 var -3,11%. Helsta ástæða lægri ávöxtunar er mikil lækkun erlendra hlutabréfa og hækkun krónunnar. Til samanburðar lækkuðu erlendar vísitölur um 38% (gengismunur innifalinn). Samkvæmt fjárfestingarstefnu sjóðsins 2003 skal samsetning eigna vera sem næst eftirfarandi hlutföllum: Skuldabréf með ríkisábyrgð 40%, önnur skuldabréf 25%, erlend hlutabréf 25% og innlend hlutabréf 10%. Heimilt er að leggja allt að 15% eigna inn á bundna innlánsreikninga.

Tryggingafræðileg staða

Gerð var tryggingafræðileg úttekt á sjóðnum miðað við árslok 2002. Endurmetin hrein eign sjóðsins miðað við 3,5% ávöxtun nemur í árslok 2002 12.555 mkr. og verðmæti framtíðariðgjalda 3.957 mkr. eða samtals 16.512 mkr. Heildarskuldbindingar nema 18.968 mkr. Sjóðinn vantar því 2.456 mkr., eða 12,9%, til að eiga fyrir heildarskuldbindingum. Áfallnar skuldbindingar nema 13.655 mkr. Halli miðað við áfallnar skuldbindingar er því 1.100 mkr., eða 8,1%. Í árslok 2001 voru eignir 4,9% lægri en heildarskuldbindingar en 2,1% hærri en áfallnar skuldbindingar. Samkvæmt lögum ber að skerða réttindi og lífeyrisgreiðslur ef halli verður eitt ár umfram 10% eða umfram 5% fimm ár í röð. Skerðing er því óumflýjanleg og mun hún koma til framkvæmda innan tíðar.

Sjóðfélaglán

Hámarkslán nema 2.000.000 króna út á 16 stiga réttindi en 1.500.000 króna lán eru veitt út á 3 stiga réttindi. Vextir breytast 15. hvers mánaðar og eru 1,5 prósentustigum hærri en ávöxtun á nýjasta flokki húsbrefta til 25 ára. Lánasjóður landbúnaðarins sér um afgreiðslu og innheimtu lánanna.

Ársfundur

Ársfundur sjóðsins verður haldinn í B-sal á 2. hæð í Bændahöllinni þriðjudaginn 10. júní n.k. Fundurinn verður nánar auglýstur síðar.

LÍFEYRISSJÓÐUR BÆNDA

Skrifstofa sjóðsins er til húsa á 3. hæð í Bændahöllinni við Hagatorg, 107 Reykjavík

Afgreiðslutími er frá kl.10 - 16.

Sími: 563 0300
Myndsendir: 561 9100

Heimasíða lífeyrissjóðsins er www.lsb.is

Netfang: lsb@lsb.is

Stjórn Lífeyrissjóðs bænda

Guðríður Þorsteinsdóttir, formaður

Ólafur Páll Gunnarsson

Loftur Þorsteinsson

Guðmundur Grétar Guðmundsson

Örn Bergsson

Framkvæmdastjóri er
Sigurbjörg Björnsdóttir